

KJARVAL

40% afsláttur

1769 KR. KG
Móa kjúklinga-bringur

20% afsláttur

997 KR. KG
Góða lambalæri frosið

1782 KR. KG
SS Ullikryddaðar lambakófelettur

50% afsláttur

299 KR. PK.
Góða svið frosin

1298 KR. PK.
Rib world spare ribs

169 KR. KG
Stjörnu hrá- og kartöflusalat

399 KR. PK.
Góu Tuenna

139 KR. STK.
Coke Light 2 lítrar

1899 KR. PK.
Freschetta champions pizza

249 KR. PK.
Quaker Rug Frás

1499 KR. PK.
Lambi sumar salernispappír 24 rúllur

159 KR. STK.
Óra Tómatósá

30% afsláttur

Home Plus
blandari og safapressa

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Ræstingar.

Starfsmaður óskast í ræstingar á sýsluskrifstofuna frá 20. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar um vinnutíma, laun ofl veita **Anna Birna** eða **Ragnheiður s: 488-4300**

VÍSUR VIKUNNAR

„Hér sé friður! með heilsu þín, hvurnig gengur?“ „O! eg held verr – höfuðverkur og hóstapín hafa svo dregið kraft úr mér.“

„O jæja – og það er heldur hart hvurnig útreið að Tyrkinn fær, það er mannhatur mestan part, mikið er Rússans grimmd frábær.“

„Svo get eg ekki sofið vel, sviður brjóstið ef hræra skal.“
„Ja so? og víst mun Emanúel ofan á verða í Portúgal.“

Samið árið 1829. Eiginhandarrit er varðveitt í Árnastofnun í handritasafni Konráðs Gíslasonar (KG 31 a II). Eiginhandarritið er á sama miða og Borgavísa og er kvæðið fyrisagnarlaust. Frumprentun í: Ljóðmæli eftir Jónas Hallgrímsson. B. Pjetursson og K. Gíslason hafa sjeð um prentunina. Khöfn 1847. [Fyrisögn: „Læknirinn“].

Messa við Miklafell í Kirkjubæjarklaustursprestakalli.

Útímessá verður við Miklafell sunnudaginn 17. ágúst 2008 kl. 11.00.

Sóknarpresturinn Ingólfur Hartvigsson prédikar og þjónar við messuna. Mæting er við göngumannaskálan við Miklafell kl. 10.45.

Afleggjarinn að Miklafelli er við bæinn Þverá fyrir austan Kirkjubæjarklaustur og er hann fær öllum jeppum. Eftir messu verður messukaffi í göngumannaskálanum í boði Fellsmanna. Nánari upplýsingar um messustað eða aðstoð við að komast á staðinn veitir sóknarpresturinn Ingólfur Hartvigsson í síma 849-7549.

Fjölmennum til messunnar og njótum þess að eiga notalega stund saman umvafin náttúruvegurð Íslands.

*Séra Ingólfur Hartvigsson,
sóknarprestur*

33. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 13. ÁGÚST 2008

SMÁUGLYSINGAR



Í tilefni 60 ára afmælis konu minnar og mömmu okkar,

*Margrétar Guðmundsdóttur,
þann 18. ágúst 2008,
langar okkur að bjóða þeim sem
vilja fagna með henni að þiggja
léttan "brunch" í hlöðunni á
Dyrhólum á milli kl 12:00 og
15:00 sunnudaginn 17. ágúst.*

*Vonumst til að sjá sem flesta ☺
Bestu kveðjur*

*Þorsteinn
Unnur & Kristján,
Eva & Vigfús,
Gunnar & Þorbjörg.*

50 ára afmæli

Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri í grunnskólanum í Vík hélt uppboð á glerlistaverkum í Reynisfjöru þann 9. ágúst kl. 16.30 í tilefni af hálftrar aldar veru sinnar á jörðinni.

Allur ágóði uppboðsins rennur til styrktar foreldrarstarfi innan Uppeldis til ábyrgðar /uppbyggingar-sjálfsaga. Verkin eru 7 og kallar hún sýninguna, Konan á strönd lífsins. Kolbrún segir þau tákni konuna frá fæðingu og fram yfir dauða. En hún hefur einnig unnið mjög sérstök listaverk sem eru úr ull á striga og opnaði hún sýningu á þeim í gistiheimilinu Ársölum sama dag.

Um kvöldið voru ýmsar uppákomur í Grunnskóla Mýrdalshrepps. Efri myndin sýnir er Kolbrún tók við afmælisgjöf frá Kvenfélagi Dyrhólahrepps, en í félaginu hefur Kolbrún starfað yfir 20 ár. Á neðri myndinni stjórnar Sædis Íva uppboðinu í Reynisfjöru, af mikilli röggsemi.

Myndir: Jónas Erl.



Almennur fundur verður haldinn í Grunnskóla Mýrdalshrepps í Vík, laugardagskvöldið 16. ágúst, kl. 20:30.

Fundarefni:

Kynning á niðurstöðum samevrópsks verkefnis um rannsóknir á kvikuhreyfingum í eldfjöllum, einkum í Kötlu og Eyjafjallajökli.

Dagskrá:

1. Chris Bean, University College Dublin, gefur yfirlit um verkefnið og kynnir helstu niðurstöður rannsókna frá öðrum eldfjallasvæðum en íslenskum.
2. Kristín S. Vogfjörð, Veðurstofu Íslands, fjallar um niðurstöður jarðskjálftamælinga í Kötlu og Eyjafjallajökli.
3. Freysteinn Sigmundsson, Norræna eldfjallasetrinu, talar um jarðskorpuhreyfingar í Kötlu og Eyjafjallajökli.
4. Kjartan Þorkelsson, sýslumaður á Hvolsvelli, Guðrún Jóhannesdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, Almanna- og Ríkislögreglustjóra, kynna skipulag almanna- og Ríkislögreglustjóra í héraði.

Gefinn er kostur á fyrirspurnum í lok hvers erindis og fyrirspurnartími verður í lok fundarins.

Gert er ráð fyrir að fundurinn standi í tvær til tvær og hálf klukkustund.

VITINN á www.sudurland.net



Hestaferð Kóps 2008

Árleg hestaferð félagsins verður farin sunnudaginn 24. ágúst.

Safnast verður saman inn í Heiðarseli.

Ríðið verður inn fyrir afréttargirðingu og fram Holtsdal.

Lagt verður af stað kl. 10 á sunnudagsmorgun.

Skráning fer fram hjá:

Jonna s. 8916009

Steinu s. 4871442



Hörpu s. 8652781

eða Brandi s. 4874725

Síðsti skráningardagur er miðvikudagurinn 20. ágúst.

Pátttakendur sjá sjálfir um að nestu sig.

Ferðanefnd Kóps

Ágætu sveitungar og vinir

Bestu þakkir fyrir frábæra skemmtun og samveru á afmælisdaginn minn þann 9. ágúst

"sú gamla" er alsæl og endurnærð.

Minni á að sýningin

Í örmum alheimsins

er opin frá kl. 16:00 - 20:00
fram á sunnudag 16. ágúst
í Ársölum

Njótið lífsins
Kolbrún Hjörleifs



Leiktæki til sölu

*Leiktækin sem voru við
grunnskólann og leikskólann
í Vík eru til sölu.*

Leiktækin hafa verið tekin niður og eru nú staðsett á bílastæðinu við sundlaugina og við áhaldahús Mýrdalshrepps við Suðurvíkurveg. Leiktækin seljast í því ástandi sem þau eru.

**Tilboð berist undirrituðum fyrir
kl 12:00 þriðjudaginn 19. ágúst nk.**

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Íþróttahátíð USVS 2008

Héraðsmót USVS í frjálsum íþróttum verður haldið á
Víkurvelli sunnudaginn 17. ágúst n.k.

Mótið er í umsjón Ungmennafélagsins Kötlu.

Keppnt verður í eftirfarandi aldursflokkum og greinum:

8 ára og yngri	60m, langstökk og boltakast
9-10 ára	60m, langstökk, boltakast og hástökk.
11-12 ára	60m, 800m, langstökk, spjót kast, hástökk og kúluvarp.
13-14 ára	100m, 800m, langstökk, hástökk, spjót kast, kúluvarp, 4x100m.
15-16 ára	100m, 1500m, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast, spjót kast, 4x100m
17 ára og eldri	100m, 400m, 1500m, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjót kast, kringlukast, 4x100m og 1000m boðhlaup.

Skráningar þurfa að hafa borist forráðamönnum
Ungmennafélaganna í sýslunni í síðasta lagi
miðvikudagskvöldið 14. ágúst.

Ekki er tekið á móti skráningum á mótsdegi.

Stefnt er að því að hafa tímaseðil tilbúinn á fimmtudagskvöldi.
Keppni hefst stundvíslega kl. 10:30 á sunnudagsmorgun.
Grill og sund fyrir keppendur að lokinni keppni.

USVS hvetur alla íbúa sýslunnar að mæta og fylgjast
með skemmtilegri keppni við frábærar aðstæður í Vík.

USVS

Löggufréttir vikuna

4. til 11. ágúst 2008

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 171 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 75 teknir fyrir að aka of hratt, en sá sem hraðast ók var á 132 km hraða. Augljóslega hefur dregið úr hraða hjá mönnum. Einnig hefur fækkað slysum í umdæminu hjá okkur, sem nær frá Þjórsá í vestri og austur að Gígjukvísl, austan Lómagnúps. Í fyrra var daglegt brauð að fara í bílveltu og slys en það ber ekki mikið á þessu í sumar. Þess má geta að lögreglan á Hvolsvelli hefur frá áramótum stöðvað um 1500 ökumenn fyrir að aka of hratt í umdæminu. Þetta er stór og mikil tala og teljum við okkur vera að ná árangri í fækkun slysa með þessu mikla og virka eftirliti með hraðakstri.

Verslunarmannahelgin fór mjög vel fram hjá okkur. Tvö strönd urðu á Bakkafjöru. Varð slys í öðru tilfellanna. Rannsókn hefur hafist vegna tveggja tilfella þar sem farþegaflutninga á bátum milli lands og Eyja, gegn gjaldi án tilskilinna leyfa. Tveir ökumenn voru stöðvaðir grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum áfengis um verslunarmannahelgina. Ein minniháttar líkamsárás var tilkynnt um verslunarmannahelgina.



Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra, Klaustri

Mynd: Skaftárhlaupið, Jónas Erlendsson

Stúlka var slegin fyrir utan Félagsheimilið Kirkjuhvol á Kirkjubæjarklaustri en þar fór fram dansleikur á aðfaranótt mánudagsins, frídags verslunarmanna.

Mikið hefur borið á utanvegaakstri á hálendinu en í vikunni var tilkynnt um tvö tilfelli og náðist í ökumann annars bílsins. Hann var sektaður um 200.000.- krónur. Um mjög gróft brot var að ræða en sektarhammi er að hámarki 300.000.- krónur. Það er aldrei of oft kveðið að við verðum að sýna landinu okkar virðingu og aka ekki utan vega. Sár á landinu eru oft áratugi að gróa. Nú verður tekið á þessum málum af festu. Leit að hinni bifreiðinni stendur yfir og má sá aðili einnig búast við hárrí sekt. Landverðir hafa staðið sig mjög vel og tilkynnt lögreglu. Þeir hafa einnig verið með myndavélar og tekið myndar af ökutækjum og skemmdunum sem hafa orðið. Þó að menn haldi sig sloppna þá verður haft samband við þá síðar. Skýrslur gerðar og menn sektaðir.

Hlaup hófst í Skaftá á laugardag og hefur það ekki náð hámarki. Búast má við að hlaupið nái hámarki sunnudagskvöldið 10. ágúst eða aðfaranótt mánudagsins. Björgunarsveitir fóru upp á hálendið til að tryggja að fólk væri ekki nærri upptökum hlaupsins en þar er hættu á brennisteins-eitrun.



Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn.

Mynd: Kristján Ólafsson

Um nýliðna verslunarmannahelgi fóru 41 keppandi frá USVS ásamt foreldrum og fríðu föruneyti á Unglingalandsmót í Þorlákshöfn. Liðsstjóri hópsins var Inger Schiöth. Öruggt má segja að hópurinn stækki með ári hverju enda er þetta frábær umgjörð um verslunarmannahelgina. Allir finna sér keppni eða skemmtun við sitt hæfi. Hópurinn okkar kepti í fótbolta, frjálsum, hestaþróttum, skák og sundi. USVS skartaði fótballtalíði sem bar nafnið Katla og stofnað var í tilefni ULM, skipað 11-12 ára strákum. Liðsstjórar Kötlu voru Grétar og Guðni Einarssynir stjórnðu svo liðinu með styrkum höndum.

USVS hópurinn var til fyrirmyndar alla helgina, innan vallar og utan, og keppendurnir okkar voru að standa sig framúrskarandi vel í öllum þeim greinum sem að þau tóku þátt í.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ setti 11. Unglingalandsmótið í Þorlákshöfn í glæsilegri setningarathöfn að viðstöddu miklu fjölmenni. Keppendur, sem voru um 1200 talsins, gengu fylktu liði inn á völinn í mildu veðri.

Innganga félaga USVS var hin glæsilegasta og fyllti marga stolti. Hlæðingurinn hefur verið að USVS hafi verið eitt af þremur samböndum sem báru af hvað varðar heildarmynd og þróðmennsku. Þorsteinn Björn Einarsson bar skilti USVS fremstur í fylkingunni og fánaberi var Sveinn Þórðarson með dyggri aðstoð Breka Þórs Sveinssonar og Guðmundar Elíassonar. Yngstu félagarnir gengu svo á eftir fánabera og gönguna ráku svo yfirsmalarnir Svanhvít M. Sveinsdóttir og Inger Schiöth.

Keppendur stóðu sig frábærlega alla helgina. Og flestir bættu sín persónulegu met. Veðrið var með besta móti, föstudagurinn bar með sér sól og blíðu en svo dró fyrir sólu en blíðan hélt að mestu.

USVS gat lagt HSK lið í starfsmannamálum og stóðu Þorgerður Einarisdóttir og Sædis Íva Elíasdóttir vaktina í skráningu úrslita alla helgina. Sveinn Þórðarson var gerður að langstökkstjóra og Inger Schiöth hljóp í nafnakallið og langstöckið. Skorað var á Jóhann V. Hróbjartsson að vinna með spjótkastinu á sunnudeginum og var hann ekki lengi að taka við sér. Unglingalandsmótin eru hreint og klárt komin til að vera.